

# FRÉTTIR ÚR HVOLSSKÓLA

II. tölublað. XII. árgangur

25. október 2005

Ábyrgðarmaður: Unnar Þór Böövarsson

## Foreldradagur í Hvolsskóla

Foreldradagur að hausti verður að þessu sinni 26. október. Nemendur hafa nú fengið tilkynningu frá sínum umsjónarkennara hvenær foreldrar þeirra eiga að mæta til viðtals. Rétt er að ítreka að nemendur eiga að mæta með foreldrum sínum til viðtalsins og að sjálfsögðu hvetjum við bæði feður og mæður til að mæta.

Einnig viljum við benda foreldrum á að þrátt fyrir að haldin sé sérstakur foreldradagur eru foreldrar að sjálfsögðu ávallt velkomnir í skólann til að fylgjast með og aðstoða við leik og starf í skólanum. Skólinn er sameign okkar allra og mikilvægt að fólk þekki af eigin raun hversu gott og þarft starf er unnið með nemendum. Góður skóli, eins og Hvolsskóli, er að sjálfsögðu stolt hvers sveitarfélags og þangað eru allir velkomnir hvort sem það eru ungir eða gamlir.

## Kaffisala til styrktar ferðasjóði 10. bekkjar

Eins og undanfarin ár verða 10. bekkingar með kaffisölu á foreldradaginn og rennur allur ágóði beint í ferðasjóð þeirra. Meðal annars verður boðið upp á brauðtertur, rjómatertur og skúffukökur sem hægt er að sporðrenna með dýrindis kaffi, kakói eða ávaxtadrykk.

Það er ljóst að Rangárþing eystra mun ilma þegar 10. bekkingar láta hendur standa fram úr ermum við kökubakstur. Við viljum minna þá nemendur sem búa í þorpínu koma með terturnar kl. 8:00 á miðvikudagsmorgun en aðrir nemendur koma með sínar tertur þegar þeir mæta í foreldraviðtölin. Einnig er rétt að benda á að Jóna í mötuneytinu getur tekið við tertum á þriðjudeginum og geymt þær yfir nóttina.

Kökur og drykkur (fullorðnir)	550 kr
Kökur og drykkur (nemendur)	300 kr
Fjölskyldutilboð (miðað við 4 eða fleiri)	1500 kr
Kaffi, te eða kakó	150 kr
Kókómjólk eða ávaxtasafi	100 kr

# Úr starfi skólans

Haustdansleikur Hvolsskóla, Grunnskólans á Hellu, Laugalandsskóla og Grunnskóla Mýrdalshrepps var haldinn þann 5. október og fór í alla staði mjög vel fram. Hljómsveitin *Á móti sól* lék fyrir dansi og var sérstaklega ánægjulegt að sjá hversu duglegir krakkarnir eru að dansa, syngja og skemmta sér og öðrum. Þau voru til mikillar fyrirmyndar og skólunum og samfélaginu í heild til mikils sóma. Glæsilegir fulltrúar þeirrar kynslóðar sem erfa skal land.

Hrafn Sigurðsson nemandi í 8. bekk náði þeim stórglæsilega árangri að bera sigur úr bítum í *Nýsköpunarkeppni grunnskólanema 2005*. Hugmynd hans um puttamús fyrir tölvur sigraði í flokknum hugbúnaður. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti verðlaunin 50.000 kr í formi spariskuldabréfa í Íslandsbanks við hátíðlega athöfn í Vetrargarði Smáralindar þann 2. október síðastliðinn. Vel gert Hrafn og innilega til hamingju með frábæran árangur.

7. bekkur fór í árlega Reykjaferð dagana 10. – 14. október. Hinir bráðskemmtilegu umsjónarkennarar Ingveldur og Jarek fóru með hópnum þar sem allir skemmtu sér vel við leik og starf í yndislegu umhverfi Hrutafjarðar.

Ekki var skemmtunin minni hjá 8. bekk dagana 19. – 21. október þegar þau fóru í mikla reisu um Snæfellsnesið, enda er það ekki þekkt fyrir að vera lítið og lágt. Það voru þau Lárus Ágúst og Stína Leifs sem urðu þess heiðurs aðnjótandi að fylgja hópnum og ekki ólíklegt að þar hafi flakkað ein eða tvær missannar sögur úr sveitinni. Svo sá Stína um að svæfa alla með hugljúfum söng enda mikill söngfugl.

Framundan er sameiginleg íþróttahátíð grunnskólanna í Rangárþingi. Hátíðin verður haldin fimmtudaginn 10. nóvember og verður að þessu sinni í umsjón Grunnskólans á Hellu. Ekki hefur okkur borist til eyrna í hvaða íþróttum verður keppt en ekki hefur alltaf verið keppt í hinum hefðbundnu bolta- eða frjálsum íþróttum. Það er þó alveg ljóst að hvað sem gert verður þá verður það hin mesta skemmtun.

Nú líður að einni helstu fjáröflun 10. bekkjar sem er áheitasundið. Líkleg dagsetning er föstudagur 25. nóvember, það fer þó allt eftir veðri. Biðjum við fólk að taka vel á móti krökkunum þegar þau koma að safna áheitum og munum að margt smátt gerir eitt stórt. Nemendur hafa verið mjög duglegir við að safna í ferðasjóð í vetur og er ekki fjarri því að hugurinn stefni út fyrir landsteinana næsta vor.

Hægt er að skoða myndir frá öllum atburðum er verða í skólanum auk þess að sjá allar nýjustu fréttir úr Hvolsskóla á heimasíðu skólans <http://hvolsskoli.ismennt.is>

**MUNUM EFTIR AÐ MERKJA ALLAN FATNAÐ OG TÖSKUR  
SEM NEMENDUR NOTA Í SKÓLANUM.  
MERKTIR HLOTUR TÝNAST SÍÐUR OG FINNAST FREKAR. ☺**

## Breytingar á starfsliði

Nokkrar breytingar hafa orðið á starfsliði í skólanum í vetur þar sem nýtt fólk hefur komið inn. Guðrún Aradóttir kom inn í ræstingar auk þess sem hún leysti Hrafnhildi Valgarðsdóttur af í Skjólinu. Guðný Þórunn Ólafsdóttir var ráðin í gangavörslu og ræstingar auk þess að vera í stuðning inn í bekkjum þegar á þarf að halda. Seinast en ekki síst var Sigurdís Baldursdóttir ráðin í ræstingar og Þorgerður Jóna Guðmundsdóttir ráðin (tímabundið) í stuðning í 7. og 8. bekk. Við efumst ekki um að þær komi til með að hjálpa mikið hérna innandyra og vonumst við til að þeim líði vel hér í skólanum hjá okkur.

Auk þess að hafa bætt við starfsfólki í vetur barst okkur að sjálf-sögðu liðsstyrkur í sumar þegar starfssemi Fljótshlíðarskóla fluttist hingað. Þaðan komu þær Christina Bengtson umsjónarkennari í 4. bekk, Guðbjörg T. Júlíadóttir umsjónarkennari í 2. bekk, Guðný R. Jónasdóttir umsjónarkennari í 1. bekk og Sigrún Jónsdóttir myndmenntakennari.

Þá bættust og við þær Ragnheiður Jónasdóttir kennari í textílmennt og Sigríður Guðmundsdóttir stuðningsfulltrúi í 9. bekk. Einnig sneri Ásta Brynjólfssdóttir þroskaþjálfari til baka úr orlofi sem og Ingvar Helgason. Margrét Einarsdóttir Long sem kom inn í lok seinasta skólaárs hélt áfram hjá okkur og er umsjónarkennari í 10. bekk. Ekki má svo gleyma honum Sigga húsverði (Sigurði Magnússyni) sem tók við af Ingva húsverði þann 1. júní.

## Námsferð til Danmerkur og Svíþjóðar

Dagana 10.–14. október voru þau Halldóra Magnúsdóttir aðstoðar-skólastjóri og Gissur Jónsson deildarstjóri í Kaupmannahöfn og Malmö ásamt hópi skólastjórnenda af Suðurlandi til að fræðast um og kynnast af eigin raun hvernig einstaklingsmiðuðu námi er háttað annars staðar á Norðurlöndunum. Ferðin var skipulögð af Félagi skólastjórnenda á Suðurlandi og þrátt fyrir að ýmsar óvæntar uppákomur hafi orðið í ferðinni komu flestir heim með einhverjar nýjar hugmyndir í farteskinu.

Meðal þess sem vakti mesta athygli var skóli í Málmey þar sem sameinaðir eru yngstu bekkir grunnskólans með elsta árgangi leikskóla. Þar vinna allir nemendur eftir sinni einstaklingsáætlun og framförum í námi auk þess að vinna með öðrum nemendum í hópum. Þeir sem vilja lesa meira geta skoðað <http://www.skolor.pedc.se/kulladal/Kulladal.htm> sem er heimasíða skólans.

Einnig fóru nokkrir úr hópnum á Experimentarium safnið í Kaupmannahöfn sem er vísindamiðstöð er býður gestum upp á að reyna sig við hinu ýmsu verkefni er tengjast náttúruvísindum og tækni. Heimasíða safnsins er [www.experimentarium.dk](http://www.experimentarium.dk) þar sem nálgast má frekari upplýsingar.

# Félagsvist til styrktar ferðasjóði 10. bekkjar

Hópur 10. bekkinga hefur skipulagt þriggja kvölda félagsvist til styrktar ferðasjóði. Glæsileg verðlaun frá Björkinni, Hlíðarenda og Gallery Pizza verða veitt á hverju kvöldi auk þess sem sérstök heildarverðlaun verða veitt stigahæsta karli og konu að loknum öllum kvöldunum þremur.

Fyrst verður spilað **fimmtudaginn 27. október** klukkan 20:00 í félagsheimilinu Heimalandi. Það kostar kr. 600 að taka þátt og er kaffi og kökur innifalið í verðinu.

Seinni kvöldin verða **fimmtudaginn 3. nóvember** í Gunnarshólma og **föstudaginn 11. nóvember** í Hvolnum. Við hvetjum alla til að koma og skemmta sér við spil og spjall auk þess að styrkja 10. bekkinga í leiðinni.

## Samræmdu prófin í 4. og 7. bekk

Nemendur í 4. og 7. bekk tóku samræmd próf í íslensku og stærðfræði dagana 20. og 21. október. Lögðu nemendur sig alla fram í prófunum og vildu sumir fá að taka svona próf á hverjum degi. Ekki verður þó hægt að verða við þeirri ósk. Niðurstöður úr prófunum berast skólanum í lok nóvember og verður nemendum tilkynnt um hana skömmu síðar.

## Skólaskjólíð

Eins og áður hefur komið fram hefur Guðrún Aradóttir tekið við af Hrafnhildi í Skjólinu hjá okkur. Þökkum við Hrafnhildi kærlega fyrir vel unnin störf í Skjólinu og ljóst að krakkarnir eiga eftir að sakna dillandi hláturs hennar. En þær eru nú ekki síður hláturmildar þær Guðrún og Stína svo það væsir ekki um blessuð börnin.

Annars er það helst að fréttu úr Skjólinu að sú nýbreytni var tekin upp að bjóða upp á síðdegishressingu handa börnunum enda mörg orðin ansi svöng þegar líða tekur á daginn og mikið búið að brasa frá því á hádegi. Einnig viljum við þakka Rauða krossinum á Hvolsvelli kærlega fyrir glæsilegt samlokugrill sem þau færðu Skjólverjum á haustdögum. Alltaf gaman að finna að heimamenn hugsa hlýtt til okkar í skólanum.

## Manstu nýja símanúmerið í Hvolsskóla???

Aðalnúmer Hvolsskóla \_\_\_\_\_ **488 – 4240**

Faxnúmer \_\_\_\_\_ **488 – 4259**

Aðalnúmer skóla gefur samband við alla starfsmenn skólans.